

EFTIRLITSSKÝRSLA

Skaftárhreppur urðun Stjórnarsandur



Dags eftirlits	5.10.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Skaftárhreppur urðun	Eftirlitsmaður	
Heimili	Klausturvegur 15	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	480690-2069	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Ólafur Elvar Júlíusson	ÍSAT nr.	38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	475089,819 332611,967

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram við eftirlit er varðar skil á skráningum og ein ábending var sett fram er varðar niðurstöður mælinga. Eitt frávik er opið er varðar timburhaug á urðunarstaðnum.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit á urðunarstað Skaftárhrepps á Stjórnarsandi. Á urðunarstaðnum er heimilt að urða allt að 200 tonn á ári af úrgangi sem á uppruna sinn í sveitafélaginu. Árið 2020 voru urðuð þar 141 tonn sem er vel innan marka starfsleyfisins.

Í skoðunarferð um urðunarstaðinn fór rekstraraðili yfir þá vinnu sem hefur farið fram við betri skipulagningu og verkferla á urðunarstaðnum. Unnið er að kurlun timburs sem berst inn á staðinn sem og skipulag á flutningum brotajárns til endurvinnslu hefur verið bætt. Enn er á urðunarstaðnum stór timburhaugur af gömlu og fúnu timbri sem ekki hefur verið gengið frá. Hlið á urðunarstaðnum hefur ekki verið læst en fram kom að búið væri að kaupa nýtt hlið og stæði til að setja það upp í nóvember ásamt því að stefnt er að því að betri stjórn sé á flæði úrgangs inn á urðunarstaðinn.

Rekstraraðili skilaði til Umhverfisstofnunar, þann 7. september sl., gögnum er varða skil á skráningum og upplýsingum um stöðuna á urðunarstaðnum. Samkvæmt gr. 5.3 skal rekstraraðili senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga fyrir 1. maí ár hvert, fyrir undangengið almanaksár. Sein skil á skráningum telst frávik frá starfsleyfi en þar sem rekstraraðili hefur nú skilað skráningum telst frávikinu lokið. Frávik vegna timburhaugs á urðunarstaðnum er kom fram í eftirliti 10. september 2019 helst opið þar til rekstraraðili hefur gert úrbætur en úrbótaáætlun barst frá rekstraraðila þann 7. september sl. þar sem fram kom að til stæði að kurla timburhauginn og nýta í manir og frágang.

Í mælingum sem framkvæmdar voru haustið 2020 koma fram hækkuð gildi á ammóníum, blýi og tini sem hefur ekki komið fram áður í mælingum og vert að rekstraraðili fylgjist með í næstu mælingum.

Frávik frá

Lýsing á frávikum

gr. 5.3 í starfsleyfi, sbr. 19. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 22. gr. gr. 5.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Rekstraraðili reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs skilaði niðurstöðum skráninga þann 7. september sl. og telst frávikinu lokið.

ÁBENDINGAR

Í niðurstöðum mælinga sem framkvæmdar voru haustið 2020 komu fram hækkuð gildi á ammóníum, blýi og tini sem rekstraraðili þarf að fylgjast með í næstu mælingum.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 11.02.2022



Sigríður Magnúsdóttir

